



905. fundur stjórnar GSÍ, 12. desember 2018 kl.18:00 haldinn í Perlunni.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hulda Bjarnadóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Kristín Guðmundsdóttir, Jón B. Stefánsson, Hörður Geirsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 904. fundar samþykkt og undirrituð

2. Tillaga afreksnefndar vegna ráðningar afreksstjóra

Haukur Örn fjallaði um aðdraganda ákvörðunar Jussi Pitkanen um að segja starfi sínu lausu og taka að sér starf hjá finnska golfsambandinu. Þá fór Haukur yfir þær ástæður sem Jussi gaf fyrir ákvörðun sinni. Fjallað var í framhaldinu um tillögu afreksnefndar GSÍ um hvernig standa ætti að ráðningarferli í framhaldinu en stefnt er að því að Jussi láti af störfum um miðjan febrúar 2019 og að nýr afreksstjóri taki við fljótlega í kjölfarið. Stjórnarmenn voru sammála um að afreksnefnd yrði falið, í samstarfi við framkvæmdastjóra, að setja af stað samskonar ráðningarferli og farið var í við síðustu ráðningu afreksstjóra. Starfið yrði því auglýst laust til umsóknar frá og með 20. desember.

3. Upplýsingatæknimál, tillaga IT nefndar

Haukur Örn fór stuttlega yfir umræður um golf.is á nýafstöðnum formannafundi og þá umræðu sem hefur átt sér stað í kjölfarið. Lögð var fyrir fundinn tillaga IT nefndar, sem kynnt var á formannafundinum. Bergsteinn Hjörleifsson, formaður IT nefndar, fór yfir aðal atriði síðustu funda IT nefndar og fjallaði einnig um tillögu nefndarinnar til stjórnar. Stjórn samþykki einróma að halda áfram viðræðum við Golfbox, með það fyrir augum að samningsdrög liggja fyrir á næstu vikum. Var IT nefnd, í samstarfi við framkvæmdastjóra, falið að hefja viðræður við forsvarsmenn Golfbox um möguleikana á innleiðingu kerfisins miðað við áramót 2019/20 en fram að því yrði keyrt á núverandi vefumhverfi golf.is. Tilboð og tillögur IT nefndar skulu liggja fyrir stjórn á næsta fundi þann 3. janúar 2019.

4. Skoðanakönnun þjónustunefndar

Eggert Á. Sverrisson fór yfir tillögu að skoðanakönnun, sem senda á út síðar í vikunni. Könnunin verður send út á alla stjórnarmenn golfklúbba, sem skrifstofa GSÍ hefur netföng hjá. Könnunin er liður í stefnumótun GSÍ 2020-2027 en ítarlegri könnun verður síðan send út um miðjan janúar, eftir að unnið hefur verið úr svörum þessarar könnunar. Könnunin verður send út þann 14. desember nk. Stjórn var beðin um að rýna spurningar og skila til stýrihóps fyrir 14. desember.

5. Önnur mál



- Tillaga afreksnefndar er að kylfingar ársins verði þau Haraldur Franklín Magnús og Valdís Þóra Jónssdóttir. Tillagan var samþykkt og verður í kjölfarið send ÍSÍ.
- Næsti fundur stjórnar verður haldinn 3. janúar 2019 kl. 18:00.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.19:25